

## Félagsþjónustan og feðurnir

„Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfselskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurvinningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“ Allar götur síðan kvenfrelsunarformóðirin, Elizabeth Cady Stanton (1815-1902), lét þessi orð falla árið 1868, hafa karlar og feður setið undir næsta látlausri orrahríð svívirðinga. Samtímis hafa konur barist fyrir „kvenfrelsi“ á þessum grunni. Fagmenn – einkum félagsráðgjafar og sálfræðingar - í félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu af ýmsu tagi, virðist „smitast“ af þessu viðhorfi. Sumir fara leynt með það, aðrir góla það hreyknir eins og hanar á haugi sínum.

Norður-ameríski sálfræðingurinn, Ellen Hendriksen, hefur útfært grunnkennisetningu fræðaformóður sinnar fyrir kvenfrelsara í heilbrigðis- og félagsþjónustu svo: „Lögmál hinnar sjúku karlmennsku býður, að karlar ríki yfir hverjum og einum, gangist ekki við þörfum [sínum], sýni ekki tilfinningar og beri stöðugt sigur af hólmi. Þetta er óheillavænlegt (impossible) fyrirkomulag, sem kæfir og meiðir alla [sem það snertir]. Sjúkri karlmennsku má vel líkja við bauk. Hann býður upp á ósveigjanleg þrengsli, sem afskræmir karla. [Þeim er] nauðugur einn kostur að troða sér í hann. [Þar] lifa þeir í þjáningarþögn, gangast ekki við þörfum sínum, sýna ýgi eða mannalæti, reiða sig ekki á nokkurn mann, sýna engin veikleikamerki og láta ekkert í ljósi (snitch). ... Jafnvel ánægju í smáum sniðum truflar hin sjúka karlmennska. ... [Hinn sjúki baukmaður] “getur engan veginn gengist við því, að hvítvoðungur sé krúttlegur, ekki fær hann sig til að faðma hvolp, biðja um smáköku, panta bjúgaldinþönnuköku eða nota regnhlíf, þegar rignir. ... [Þ]að er bein afleiðing sjúkrar karlmennsku, þegar [karlar] beita valdi til að skapa virðingu .. (sem í raun er ótti). Karlar bæta sér upp virðingarleysi með drottun. En í daglegu lífi eru margir, einstakir karlmenn, sem ekki gangast við völdum sínum og forréttindum.“

Kristina Agbebiyi er trú þessari hugmyndfræði. Kristina hlaut sérstök heiðursverðlaun Þjóðarsamtaka félagsráðgjafa (National Association of Social Workers) í Bandaríkjunum Norður-Ameríku fyrir tveim árum eða svo, þegar hún lauk mastersnámi í félagsráðgjöf (master of social work) við háskólann í Michigan. Veganesti hennar út í atvinnulífið er hatur á körlum. Eplið fellur ekki langt frá eikinni að þessu sinni eins og oftast. Hún segir: „Hatur mitt til karla er engin hugarfluga (meme). Það er ekki söguburður á veraldarvefnum. [Karlhatur mitt] er trúfesta, ær mínar og kýr.“

Af orðum Kristínar að dæma er ástæða til að ætla, að hún hafi eflst að allri dáð og afli (valdefling), hvað mannþroska snertir: „Ég er hugfangin af eigin sjálfsást. Og ég er sallaánægð með þann ásetning að biðjast ekki velvirðingar á henni. Það fellur mér vel í geð, að fólk, sem mér er annt um, finni hamingjuna hríslast um sig, þegar það verður vitni að sjálfsást minni. Ég nýt blessunar.“ ... „Vinum mínum finnst ég vera stórkostleg. Og það finnst mér líka. Það eru þeir einnig. Það er svo yndislegt.“

Umrædd verðlaun eru veitt með hliðsjón af eftirtöldum atriðum: Verðlaunahafi skal hafa sýnt leiðtogafileika; lagt jákvætt af mörkum til félagsþjónustu; sýnt hollustu í stjórnmála- og félagsstarfi; sýnt framúrskarandi námsárangur; sýnt og sannað sig á grundvelli siðalaga samtakanna um atvinnumennsku.

Það hefur reyndar töluvert vatn runnið til sjávar, síðan kvenfrelsunarfræðingar lögðu grundvöllinn að baráttu sinni. Kvenfrelsun var skilgreind sem lífsviðhorf, þáttur manngerðarinnar. Svo fórust Stefaníu Traustadóttur, félagsfræðingi, orð: „Fyrir mér er

femínismi grundvallarviðhorf, ekki einhver tossalisti yfir málefni sem varðar konur sérstaklega. Ég lít svo á að konur séu kúgaðar vegna þess að þær eru konur. Ég trúi því að lífssýn kvenna sé hverju samfélagi nauðsynleg. Sem femínisti vil ég vinna að málefnum kvenna, vera virkur þátttakandi í réttindabaráttu þeirra. Ég vil vinna að kvenfrelsi. Sem femínisti tel ég daglega lífið vera hápólitískt og breytingar á einkahögum fólks verða vegna pólitískra aðgerða og öfugt. En femínismi er ekki bara viðhorf, það að skoða og skilgreina, hann er einnig hreyfing sem vill breyta og skapa nýtt, og krefst þess vegna afstöðu og aðgerða.“

Það er engu líkara, en um köllun sé að ræða. Kvenfrelsari beitir sér hvarvetna í þágu kvenna, skilgreinir þarfir þeirra og eðli, bjargar þeim undan illsku karlanna. Systir Stefaníu í trúnni er Björg Árnadóttir, félagsfræðingur. Hún er líka á skotskónum. „Undir merkjum feminisma finnst mér ég geta barist gegn hvers kyns óréttlæti,“ segir hún. Beita skal vísindunum í þágu málstaðarins, því „femínismi“ og „félagsvísindi“ eru nátengd. Trúarjátning hennar hljómar svo: „Nú kalla ég mig stolt feminista og skil nú markmið og aðferðir félagsvísinda. ... Jafnrétti snýst nefnilega ekki um uppvaskeið heldur valddreifingu á heimili og í heiminum. Á meðan karlar hafa meiri völd en konur þurfum við feminisma af því að misskipting valda er hættuleg.“

Björg hefur, þrátt fyrir að margendurteknar, vandaðar rannsóknir, sem ættu að hafa fært henni heim sanninn um hið gagnstæða, tileinkað sér það viðhorf, að konur séu fórnarlömb karla á heimilunum. Slíkt viðhorf liggja til grundvallar þeirra kennisetninga kvenfrelsaranna, að karlar eigi upptökin að og sýni einir ofbeldi innan heimilisins og beri alfarið á því ábyrgð. Hin ofstopakenndu viðhorf kvenfrelsaranna til karla hafa eftirminnilega grópast í hugskot kvenfrelsunarvísindamanna.

Í grein sinni í fagritinu „Sálfræði laga og afbrota“ (Legal and Criminological Psychology), fjalla höfundarnir, Louise Dixon og félagar, um efnið. Þeir segja m.a.: „Hin hugmyndafræðilega nálgun [viðhorf] til ofbeldis í parsamböndum hefur fengið sérstaklega áhrifamikinn hljómgrunn við mótun stefnu og starfs með vestrænna þjóða á okkar méli. Þetta á við um Sameinaða konungsveldið (Bretland), Bandaríki Norður-Ameríku og Kanada. [Nálgunin] hefur einnig yfirgnæft rannsóknir og starf á fleirþjóðlegum vettvangi.“

Höfundar benda enn fremur á eftirfarandi: „Áhrifamiklir fræðimenn hafa aðhyllst þá meginkredden, að feðraveldi [þ.e. karlillska] sé óhjákvæmilega aflvaki [ofbeldis í parsamböndum]. Þetta hefur alið af sér mergjaða trú (core beliefs), sem varin er gegn rannsóknaniðurstöðum, sem henni mæla gegn.“

Ofangreind kynfræði er kennd í háskólum víða um hinn vestræna heim, t.d. við „Northeastern University“ í BNA, þar sem Suzanna Danuta Walters, prófessor í félagsfræði og framkvæmdastýra og við Kven- og kynfræðadeildina, ræður ríkjum. Hún ávarpar karlmenn: „[S]tandi hugur ykkar til þess að losna undan hatri okkar [kvenna] sökum misgjörða ykkar um aldir – sem þið hafið [einnig] notið góðs af – ... [takið þá til ykkar eftirtalin heilræði]: Hokið herðum, svo við mættum rétta úr kútnum, án þess að vera barðar niður. Heitið því að kjósa einvörðungu konur. Þjóðið ykkur ekki fram til embætta. Hafið ekki umsjón með nokkrum hlutum. Leggið frá ykkur valdasprotann. ... Og hafið hugfast, að við munum ekki lengur þerra krókófilatár ykkar. Hatur okkar er réttlátt. Þið hafið gerð á hlut okkar.“

Að þessu sögðu koma orð norður-ameríska sálfræðingsins, Phyllis Chester (f. 1940), móður kvenfrelsunarráðgjafarinnar (kvenfrelsunarlækninga), varla á óvart: „Það er ljóst, að kvenkyns

kvenfrelsarar verða hægt og bítandi að ná undirtökunum í opinberum stofnunum og félögum (social institutions) og drottna yfir þeim. ... [Þ]að vinnur einfaldlega gegn hagsmunum kvenna að styðja feðraveldið eða jafnvel hið upplogna „jafnrétti“ við karla.“

Phyllis ítrekar: „[Í] mínum huga er enginn leið önnur fær til að sigrast á feðraveldinu eða velta því úr sessi, en að hrifsa völdin.“ Í draumi Phyllis verður hið goðsagnakennda kvennasamfélag (Amasónurnar), þar sem „... allar konur virtust geta stefnt að og öðlast fullkominn manneika,“ endurreist: Öðru máli gegnir um karla í þessu samfélagi: „[E]invörðungu karlar, væri þeim á annað borð leyft að tóra, voru valdalausir og kúgaðir á fjölmörgum sviðum.“

Hatur til karla, feðra og fjölskyldna er áberandi. T.d. segir norður-ameríski sagnfræðingurinn og kvenfrelsarinn, Linda Gordon (f. 1940): „Ganga verður milli bols og höfuðs á kjarnafjölskyldunni ... Nú er komið að því að rústa fjölskyldunni, hvert svo sem [...] gildi hennar kann að vera. Það er óhjákvæmileg bylting. ... [E]ngin kona ætti að láta sérstakar skuldbindingar vegna barna hindra sig í að grípa tækifærin ...“

Enski rithöfundurinn og kvenfrelsunaraðgerðasinninn, Julie Bindel (f. 1962), segir: „Líta ber á haturlum sem kvenfrelsunarviðbragð. Við ættum að vera hreyknar af því.“

Norður-ameríski rithöfundurinn og kvenfrelsunaraðgerðasinninn, Robin Morgan (f. 1941), segir: „Að mínum dómi er „haturlum“ virðulegur stjórnmálalegur gjörningur, því hinir kúguðu eiga rétt til að tjá [kyn]stéttarhatur gegn þeirri stétt, sem þær [konurnar] kúgar.“ (Robin Morgan)

Kvenfrelsunarmedferð á sífellt meiri vinsældum að fagna í félags- og heilbrigðisþjónustu. Hún fór að ryðja sér til rúms undir lok sjöunda áratugar síðustu aldar, um svipað leyti og önnur bylgja kvenfrelsunarreið yfir af fullum þunga. Norður-ameríski sálfræðingurinn, Laura Brown, er einn forvígsmanna hennar. Hún segir svo:

„Samkvæmt minni skilgreiningu er kvenfrelsunarmedferð [eða –lækning] framin með tilliti til stjórnmálaspeki kvenfrelsunar, ásamt greiningum, sem grundvalladar eru á fjölmenningslegri kvenfrelsunarfræðimennsku, er lýtur að konum, körlum og kynferði. [Hvort tveggja] bendir ráðgjafa [eða sálækni] og skjólstaðingi báðum á leið til lausna og aðferða til að efla kvenfrelsunarandspyrnu, umsköpun og breytingar í daglegu einkalífi, tilfinningalífi, samböndum og stjórnmálum.“

Kvenfrelsunarmedferð „endurspeglar málflutning [kvenfrelsunar]hreyfingarinnar. Sálækna, fyrst og fremst konur, voru hvatamenn hennar. Þær umbreyttu andófi sínu gegn kynfautum meðal heilbrigðisstétta í mótun tækilegs (viable) valkosta fyrir konur í þörf fyrir sálækningu. [Þannig var] skjólstaðingum hlíft við kynvönsku, kvenfæð og staðalímyndum, sem fram að því höfðu verið allsráðandi. ... [Lækningin] er öndverð við hinn ríkjandi skilning í drottandi feðraveldi.“

Aukin heldur segir Laura: Kvenfrelsunarmedferð „veitir veitir sjúklingum innsæi í tengsl eigin hátternis og feðraveldisins, sem setur mark sitt á okkur öll.“ ... „Róttæk, félagsleg breyting skal vera ásetningur kvenfrelsunarmedferðar til að uppræta félagslegt fyrirkomulag, þar sem kúgandi valdaójafnvægi þrífst.“ ... „Kvenfrelsunarráðgjafi (feminist therapist) aðhyllist og samþættir kvenfrelsunarfræði vinnu sinni í hvítvetna – sem ráðgjafi [eða]

ráðunautur (therapist, consultant), kennari, stjórnandi, rithöfundur, ritstjóri og/eða rannsakandi.“

Í fagtímaritinu „Sálfræði líðandi stundar,“ (Psychology Today), eru skilgreiningar svipaðar. Þar segir: „Kvenfrelsunarráðgjafi (feminist therapist) gæti verið löggiltur sállæknandi (psychotherapist) eða annar atvinnumaður, sem viðurkennir grundvallarlögmál kvenfrelsunarfræða og [kvenfrelsunarfræða um] félagslegt réttlæti – og sýnir skilning á væntingum, er í menningunni búa, mismunun sem og öðrum þeim félagslegu aðstæðum, sem fólk þarf að takast á við samkvæmt annarra viðhorfum. [Þetta á] sérstaklega við um konur.“

Og nánar tiltekið: „Í kvenfrelsunarmeðferð felst samþætt nálgun ... í brennidepli er kynferði, sérstakar áskoranir og álag, sem konur mega þola vegna hlutdrægni, staðalímynda, kúgunar, misnotkunar sem og annarra þátta, er ógna heilsu þeirra.“

Ofangreind nálgun fagmanna endurspeglar stjórnmalaleg viðhorf allra íslenskra stjórnmalaflokka. Vinstri-græn eru þó skýrust í afstöðu sinni. Ágrip boðskapar þeirra: „Jafnrétti og femínismi eru tvö hugtök sem væru ekki til án hvors annars,..“ ... „Það sem telst karllægt hlýtur virðingu og völd en það sem er talið kvenlegt er álitid ómerkilegra. Þetta gerir það að verkum að konur og aðrir sem tilheyra minnihlutahópum eru skörinni lægra í samfélaginu en karlar.“

Og frekar er útskýrt: „Samfélagsgerðin okkar er mjög kynjuð ... Má [því] segja að kynjamisrétti sé rótgróid og kerfisbundið. Á þessu vekja femínistar athygli og leggja sig fram um að breyta kynjuðum viðhorfum með ýmsum aðgerðum.“... „Kynferðisofbeldi er rótgróid í kynjakerfinu þar sem karlar eru í forréttindastöðu gagnvart konum, fólk af öðrum kynjum, unglíngum og börnum.“ Með skírskotun til þessa hefur stjórnvöldum verið sérstaklega umhugað um að fjölga konum í starfsstéttum, sem fjalla um mál málanna í áratugi – heimilisofbeldi.

Nú vill svo til, að konur eru nær einráðar í félagsþjónustunni, barnaverndin þar með talin. Vitaskuld er það fráleitt svo, að störf allra þeirra sé á kvenfrelsunarbókina lagt. Kvenfrelsun virðist þó bráðsmitandi meðal kvenna, sem vilja uppræta félagslegt óréttlæti. Þær læra það, sem fyrir þeim er haft.

Fyrir allmörgum árum benti valinkunnur félagsráðgjafi, Guðrún Kristinsdóttir, á „barnaverndargildruna.“ Í þessu hugtaki felst, að í umfjöllun starfsmanna verður móðirin miðdepill athyglínnar, en börnum og feðrum er vikið til hliðar. Því virðast leikslök „kvennaglímunnar“ ráða mestu um, hvers konar lausn er fundin á hverjum vanda. Þrjár starfssystur hennar gerðu einnig úttekt á störfum barnaverndarnefndar Reykjavíkur fyrir rúmum tveim áratugum síðan. Varnaðarorð skýrsluhöfunda voru: „Við megum ekki detta í þá gryfju að standa með öðru foreldrinu, líkt og í stríði væri í refsiaðgerðum gegn hinu foreldrinu, refsiaðgerðum sem bitna fyrst og fremst á barninu eða börnunum.“ Þær bitna reyndar ekki síður á feðrunum.

Á grundvelli ofanritaðs virðast næg efni til að hafa áhyggjur af atvinnumennsku og kynjahlutleysi við umfjöllun mála í félagsþjónustunni. Ætli þar leynist fleiri „kvenfrelsunargíldrur?“

